

RE: Skipulagsnefnd - 41 : 2509042 - Náttúruhamfaratrygging - varðandi upplýsingar til almennings varðandi byggingar á viðkvæmum svæðum

Til : Brynja Dögg Ingólfssdóttir <brynja@thingeyjarsveit.is>; Náttúruhamfaratrygging Íslands <nti@nti.is>
Frá : Náttúruhamfaratrygging Íslands <nti@nti.is>
Heiti : RE: Skipulagsnefnd - 41 : 2509042 - Náttúruhamfaratrygging - varðandi upplýsingar til almennings varðandi byggingar á viðkvæmum svæðum
Málsnúmer : 2509042
Málsaðili : Náttúruhamfaratrygging Íslands
Skráð dags : 11.11.2025 15:29:11
Höfundur : Náttúruhamfaratrygging Íslands <nti@nti.is>
Viðhengi : [image005.png](#)
[image004.png](#)
[image003.png](#)

Góðan dag og takk fyrir tölvupóstinn,

Það gleður okkur mjög hve mörg sveitarfélög sýna áhuga á þessu mikilvæga máli.

Bréfið sem sent var út til sveitarfélaga var fyrst og fremst hugsað til að vekja athygli sveitarfélaga á mikilvægi þess að taka góðar skipulagsákvæðanir. Það er í raun ekki mögulegt fyrir tryggingafélag að gefa út fyrirfram yfirlýsingar um það hvort og þá hvernig er farið með tilvonandi tjónamál, því það eru svo margir þættir sem geta haft áhrif á niðurstöðu þeirra. Þess vegna getum við aldrei annað en vísað til laga og reglugerðar varðandi endanlega túlkun, þegar til tjóns kemur.

Við getum engu að síður sagt að ef skipulagsákvæðanir byggja á vel ígrundaðri vinnu, þar sem allir helstu sérfræðingar sem eru til ráðgjafar á því sviði hafa komið að, eru ekki miklar líkur á því að 16. gr. laga nr. 55/1992 yrði beitt, sem hljómar svona:

Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.

2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars vátryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið víðtækara af þessum sökum.

NTÍ kemur ekki gerð hættumatskorta eða skipulagsmálum og því getum við ekki vísað með beinum hætti til sérstakra svæða í þessu sambandi. Við höfum svarað öðrum sveitarfélögum á þann veg að þar sem fullt samráð hefur verið haft við þær stofnanir sem hafa formlega það hlutverk að meta tilteknar áhættur, s.s. Veðurstofu vegna ofanflóða og Vegagerðina vegna sjávarflóða, teljum við að það yrðu gögn sem litið yrði til, ef til tjóns kemur. Hafi samráð verið haft og tillit tekið til þeirra ábendinga og athugasemda sem þar hafa komið fram er afar ólíklegt að 16. gr. laganna yrði beitt í því skyni að takmarka eða hafna tjónabótum.

Ef þetta er ekki fullnægjandi svar frá okkur er þér velkomið að senda mér póst og þá getum við tekið samtal um málið.

Með kveðju, Hulda Ragnheiður

Forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands

From: Brynja Dögg Ingólfssdóttir

Sent: föstudagur, 17. október 2025 11:57

To: Náttúruhamfaratrygging Íslands

Subject: Skipulagsnefnd - 41 : 2509042 - Náttúruhamfaratrygging - varðandi upplýsingar til almennings varðandi byggingar á viðkvæmum svæðum

Komið þið sæl

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar tók fyrir erindi Náttúruhamfaratrygginga á fundi sínum þann 14. Október sl. Á fundinum var gerð meðfylgjandi bókun.

Um leið og ég sendi ykkur hana var mér falið að leita upplýsinga vegna erindisins. Nú hafa verið gerð ýmis hættumöt í sveitarfélaginu og afmörkuð svæði sem geta verið í hættu undir ýmsum kringumstæðum. S.s. hættumat vegna flóða í tengslum við gos í Bárðarbungu. Markmið slíkrar kortlagningar er að gera viðbragðsáætlanir vegna hamfara atburða og þau svæði sem eru undir í flestum tilfellum ekki í mikill hættu annars. Í ljósi bréfsins frá ykkur vildum við kanna hvort þið gætuð sent okkur betri leiðbeiningar um hvaða svæði falla undir þessa umræddu 16. gr. laga nr. 55/1992. Eru það öll svæði þar sem einhverskonar hætta hefur verið greind? S.s. eins og svæði sem gætu farið undir vatn við hamfaraflóð við gos í Bárðarbungu? Í greiningum vegna flóða, eru það öll svæði sem gætu verið í hættu í 100 ára flóðum? Sveitarfélagið Þingeyjarsveit spannar um 12 % af flatarmáli landsins. Hér er ýmis uppbygging í gangi og fyrirhuguð. Við viljum svo gjarnan ákvarða um uppbyggingu á ábyrgan hátt og fögnum því bréfinu frá ykkur en teljum okkur þurfa betri upplýsingar um beitingu þessarar 16. Greinar sem vitnað er í til þess að geta upplýst almenning á ábyrgan hátt.

Bókun nefndarinnar:

2509042 - Náttúruhamfaratrygging - varðandi upplýsingar til almennings varðandi byggingar á viðkvæmum svæðum

Fyrir skipulagsnefnd liggur bréf til kynningar frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands er varðar áhrif 16. gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

Skipulagsnefnd þakkar fyrir bréfið. Sveitarfélagið hefur unnið greiningar á náttúruvá í tengslum við gerð aðalskipulags þar sem í Þingeyjarsveit eru margskonar náttúruvár.

Kveðja

Brynja Dögg Ingólfssdóttir

Skipulagsfulltrúi

Þingey - stjórnsýsluhúsi, 650 Laugum

Sími 5121800

www.thingeyjarsveit.is



Þingeyjarsveit

Efni þessa tölvupósts og viðhengi hans kann að vera trúnaðarmál og er eingöngu ætlað þeim sem hann er stílaður á. Viðtakanda ber að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn ranglega borist honum. Vinsamlega eyðið póstinum í slíkum tilvikum.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.